

Álagningarforsendur 2020 fasteignagjöld og vatnsgjald

Fasteignagjöld:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c-flokkur 1,65% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Álagningarprósenta vatnsgjalds er 0,2 % af fasteignamati.

Lágmarksálagning á íbúðarhús er 20.843 kr og hámarksálagning 41.054 kr.

Eitt gjald er innheimt af sumarhúsum 34.738 kr.

Gjalddagareglur fasteignagjalda:

Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnssgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí.

Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Álagningaseðlar verða ekki prentaðir út heldur sendir rafrænt á island.is.

Innheimtuseðlar verða sendir til allra fyrirtæka og en ekki annarra nema sérstaklega sé óskað eftir því.

Samþykkt á 227. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 3. desember 2019.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri